

Fundargerð Gammadeildar fimmtudaginn 19. mars 2009 kl. 20
að heimili Helgu G. Halldórsdóttur og Ingibjargar Einarsdóttur að Neðstaleiti 3, 1. hæð.

23 Gammakonur voru mættar

AnhDaoTran, Árný, Björg, Elín, Gerður, Helga, Hertha, Hrefna, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jóns skrifstofustjóri, Krístrún, Margrét, Pálína, Rannveig Löve, Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri, Stefanía, Stella, Svana og Þórunn.

Þórunna Jónsdóttir yfirmaður samskiptasviðs Auðar Capital

Þórunna var gestur Gammadeildar að þessu sinni til að fjalla um konur í stjórnum. Þórunna sagði sögu sínu og sagði að hún hefði lengi velt fyrir sér konum í stjórnun og erfiðleikum sem þær glíma við. Konur hafa svo margt fram að færa að hennar mati. Hún greindi frá æsku sinni og sagði að kannski hafi verkaskipting á heimili foreldra hennar verið að einhverju leyti óvenjuleg, en henni fannst hún eðlileg og fólst einkum í því að faðir hennar var meira heima en hjá krökkunum í kring.

Ferill Þórönnu er fjölbreytilegur, hún starfaði um tíma hjá lyfjafyrirtækinu Visitor, var við kennslu í Háskólanum í Reykjavík í markaðsfræðum með Höllu Tómasar, og hefur hvatt konur til atvinnuskapandi starfa. Þórunna kom mikið að verkefninu Auður í krafti kvenna. Samfélagsmótunin hefur áhrif á hvern einstakling og það hvaða væntingar eru gerðar til karla og kvenna.

Þórunna minntist á að í háskólaumhverfinu væri nokkurt jafnvægi milli karla og kvenna. Hún var með 3 börn í námi erlendis. Hún velti fram þeirri spurningu hvort skólakerfið væri mögulega of kvenlægt. Á vinnumarkaðnum öðruvísi, ef til vill er hann of karllægur.

Væntingar samfélagsins hafa breyst mikið frá “96, nú eru þær mismunandi og skilaboð koma úr ýmsum áttum. Fjölmíðlar hafa einnig mikil áhrif. Dæmi um viðhorf samfélagsins eru að nú þykir flott ef stelpur fara í verkfræði, áður dæmigerð karlagrein en það þykir ekki eins flott ef strákar fara að læra til að verða leikskólakennarar.

Þórunna var í námi í skóla á Spáni, þar voru konur 10% en karlar 90% nemenda. Þegar hún kom heim entist hún ekki lengi í fyrsta starfinu sem hún réð sig í og það hafði örugglega eitthvað með væntingar samfélagsins og viðhorf í fyrirtækinu að gera.

Skilaboð

Viðskiptakenning – konur tileinka sér oft leikreglur karla þ.e. reyna að vera harðar, ákveðnar og þá gangi hlutirnir. Kristín Pétursdóttir var ein af strákunum í KB banka en hún stofnaði ásamt Höllu Tómasdóttur Auði Capital til að gera hlutina á sínum forsendum – þora að vera þær sjálfar – konur – útlendingar í karlaheiminum. sbr. Womenmanagerstravelin the mans world eftir Judy. Tungumálið sem tíðkast, konum oft sagt að vera öðruvísi. Efnahagsástandið á Íslandi í dag má örugglega að hluta skýra á einsleitni. Þrálæðislegar krosstengingar alls staðar, skammtímahugsun – umhverfið ekki spennandi, sjónarmið áhættusóknarríkjandi.

Kveikjan að Auði Capital sú staðreynd að hér var viðskiptalíf á blússandi ferð, en hugsað var skammt, hugsa þurfti lengra og nýta hæfileika kvenna. Viðskiptahugmyndin; Fyrirtæki frjálst og óháð, eignarhald dreift, ekki fjárfesta íhlutabréfum í eigin nafni. Stemma stigu við áhættu. Flækjustigofit hátt, þarf að vera lægra. Konur vilja skilja, hafa hlutina gegnsæja.

Björk Guðmundsdóttir söngkona með meiru er samstarfsaðili Auðar Capital. Hún er mjög klár og hefur mikið viðskiptavit að mati Þórönnu. Fjárfestingasjóður Bjarkar er innanborðs. Björk og Halla eru með lítið fyrirtæki og gera glimrandi viðtöl. Björk opnar dyr. Fyrirtæki eins og CCP eiga auðveldara eftir hrun með að ráða fólk. 17. des s.l. var stofnaður sjóður með sameiginlega sýn. Síðustu misserin hafa 3 - 8 erlendir fjölmíðlar komið í viku hverri. Stór dagur í dag hjá Auði Capital sett var á laggirnar nýtt verkefni þ.e. Séreignasparnaður - opinn - gegnsær. Peningar eru af hinu góða. Konur eiga að komast til valda og höndla með fé til að bæta samfélagið. Mismunandi viðbrögð komu fram hjá fundarkonum og umræður líflegar.

Starfsfólk Auðar Capital eru 17 konur og 4 karlar.

Margt vel gert í samfélaginu að mati Þórönnu en fjármögnunarfyrirtæki eru á byrjunarstigi. Gott ef ríkið getur lagt fyrirtækjum lið þar sem talsverð áhætta er en gerðar kröfur jafnhliða. Samfélagsleg ábyrgð, gegnsæi, mannlegt fjármagnsfyrirtæki. Fjárfestingar í óskráðum félögum, starfsleyfi.

Upphaf reksturs Auðar Capital er í maí 2008 og þar af leiðandi mjög nýtt/ungt, hagnaður af rekstri fyrsta árið en aðalfundur var haldinn fyrir 10 dögum síðan.. Verkefnið Eignarstýring fyrir fjárfesta samkvæmt stefnu, viðskiptavinir trúðu á fyrirtækið, skulduðu ekki neitt. Konur eru áhættumeðvitaðar ekki áhættufælnar eins og oft er haldið fram. Ein aðalástæðan fyrir velgengni fyrirtækisins er að stefna þess erað vera ábyrgt og óháð. Fyrirtækið velur sér viðskiptavini og verkefni, er rýnandi. Auður tapaði ekki krónu í bankahruninu. Erlendir aðilar hafa mikið haft samband til að fylgjast með þessu, Einnig margir fjölmiðlar.

Stofnendur allt konur, samstarf við fjárfestingafélög erlendis, samfélagsleg ábyrgð innanlands og alþjóðleg. Myndaður Alheimssjóður 1% af ávöxtun viðskiptavinar nýttur til að styrkja konur í þróunarlöndum.

Þórána nefndi Steinunni Sigurðardóttur hönnuð sem konu sem er að gera mjög góða hluti. Steinunn leggur áhersla á að ríkið geti lagt hönnuðum lið og eigi að koma á fleiri samkeppnum til að styðja við frumkvöðlavinnu af þessu tagi.

Hvernig velur Auður Capital starfsfólk

- huga þarf mjög vel að ráðningu, undirbúa vel
- taka viðtöl – bera fram skýtnar spurningar
- athuga hæfni til að sinna viðkomandi starfi
- viðkomandi hafi rétta hugsun - rétt viðbrögð og trú á verkefninu.

Auður Capital er með leyfi sem fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, með séreignasparnað, eignastýringafyrirtæki og vinnur að því að hámarka hagnað og lágmarka áhættu.

Helga sagði frá samstarfi Auðar Capital og Rauða kross Íslands sem felst í því að fyrirtækið leggur fram fjárhæð sem nemur einu dagsverki fyrir alla starfsmenn í verkefni hjá RKÍ og svo hafa starfsmenn Auðar einnig afgreitt í verslunum Rauða krossins sem sjálfböðaliðar og margar uppfyllt gamlan draum um að gerast búðarkonur.

Orð til umhugsunar voru á höndum Sigríðar Jónsdóttur. Hún byrjaði á því að óska Ingibjörgu Einarsdóttur til hamingju með Íslensku upplestrarkeppnina sem væri frábært starf í alla staði og gæfi frábæran árangur. Barn þarf að vera barn. Hvert barn á skilyrðislaust rétt til að upplifa sig hér og nú.

Sigríður gerði að umtalsefni erindi og skapandi skrif Þorvaldar Þorsteinssonar og vísaði í grein sem hann skrifaði í Skólavörðuna blað Kennarasambands Íslands, en hann hefur lagt áherslu á að leyfa börnum að vera börn og lifa í núinu. Vera ekki að læra á ákveðnum stað til að undirbúa eingöngu næsta stig heldur njóta líðandi stundar og gefa rými og tíma fyrir sköpun. Mjög áhugaverð hugvekja hjá Sirrý.

Björg formaður bar upp nokkur nöfn til kynningar á nýjum félögum í Gammadeildina sbr. fylgiskjal, og greindi frá störfum þeirra. Þær koma úr ýmsum áttum.

Þórunn kórstjóri kom með texta á fundinn til að syngja sem félagskonur gerðu af miklum móð. Alltaf jafn vinsælt að taka lagið, Gammasystur ætluðu vart að fást til að hætta.

Helga G Halldórsdóttir
ritari